

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins stöðu húsnæðismála Langholtsskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 12. júní 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um aukna myglu sem fannst fyrir skömmu í Langholtsskóla. Um hve umfangsmiklar mygluskemmdir er að ræða og hvaða afleiðingar mun ástand skólahúsnæðisins hafa á skólustarf á komandi hausti? Að lokum, til hvaða ráðstafana er fyrirhugað að grípa til í því skyni að leysa húsnæðisvanda skólans?

Svar:

Í vetur hafa staðið yfir umfangsmiklar framkvæmdir á C-álmum Langholtsskóla. Aðdragandinn að þeim framkvæmdum byggir á greinargerð frá Mannvit dags. 24. október 2022 þar sem greint var frá myglu og rakaskemmdum.

Þann 31. október 2022 var sendur upplýsingapóstur til foreldra þar sem tilkynnt var um að mygla hefði fundist undir gólfduki við útvegg í þremur stofum af fimm. Eins var upplýst að ekkert hefði greinst í ryksýnum sem hafi gefið til kynna að dreifing í lofti væri lítil sem engin. Kennslustofurnar voru aðallega notaðar af 6. bekk en einnig 9. og 10. bekk að hluta. Hæðinni var lokað og tilfæringar innanhúss gerðu það að verkum að hægt var að halda kennslu innan skólans.

Ráðist var strax í mótvægisáðgerðir sem hafa meðal annars falið í sér að fjarlægja allt rakaskemmt byggingarefni og stöðva leka. Við opnun byggingahluta kom þó í ljós mikil jarðvatnssöfnun uppvið og undir húsinu og því ljóst að taka þyrfti húsið til ítarlegri framkvæmda. Bréf til að upplýsa um þetta var sent 7. febrúar 2023. Áætlað er að þeim framkvæmdum ljúki í árslok 2023.

Samhliða þessum framkvæmdum hafa borist ábendingar um vanlíðan og veikindi í svokölluðu Þorpi sem eru færanleg hús við bílastæði skólans. Við skoðun á húsnæðinu mældist enginn raki og takmarkað hægt að greina úr ryksýnum. Engu að síður hefur verið ákveðið að opna betur útveggi og gólf hússins og athuga hvort eitthvað finnst sem standi góðri innivist fyrir þrífum. Að auki er í undirbúningi úrræði til að tryggja betri loftskipti í stofunum. Framkvæmdir eru þegar hafnar en umfang og verklok liggja ekki fyrir sem stendur en vænst til þess að þeim ljúki fyrir áramót. Færanlegu stofunum í Þorpinu verður lokað á meðan þessi vinna stendur yfir. Búið er að tryggja bráðabirgðahúsnæði fyrir 9. og 10. bekk Langholtsskóla í Ármúla frá upphafi skólaárs til áramóta meðan Þorpið og C álma eru í framkvæmdum.

Starfshópur mun skila af sér skýrslu á næstunni varðandi húsnæðismál skólans til framtíðar.